

REGLUR

um breytingar á reglum nr. 414/2006 um val á nemendum
til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Heiti fræðasviðsins „heilbrigðisdeild“ fellur niður í reglunum í öllum tilvikum og heitið „heilbrigðisvísindasvið“ kemur í staðinn.

2. gr.

Heitið „iðjuþjálfun“ fellur niður í reglunum í öllum tilvikum og heitið „iðjuþjálfunarfræði“ kemur í staðinn.

3. gr.

Þriðji málslíður 2. tölulíðar 1. gr. verður sem hér segir:

Inngangur að iðjuþjálfun (4 ECTS ein.)	15%
Heimspæki (6 ECTS ein.)	20%
Líffærafræði I (6 ECTS ein.)	20%
Vinnulag í háskólanámi (6 ECTS ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (8 ECTS ein.)	25%

4. gr.

Reglur þessar, samþykktar af háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla með síðari breytingu og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og öðlast gildi 15. ágúst 2010.

Akureyri, 15. ágúst 2010.

Stefán B. Sigurðsson rektor.

Árún Kr. Sigurðardóttir,
forseti heilbrigðisvísindasviðs.